

**2011 nr. 75 21. júní****Lög um Framkvæmdasjóð ferðamanna-  
staða**

**Tóku gildi 28. júní 2011.** *Breytt með* 1. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), 1. 125/2014 (tóku gildi 31. des. 2014 nema 6., 8., 13.–18., 21.–25. og 29. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2015; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 30. gr.), 1. 125/2015 (tóku gildi 1. jan. 2016 nema 2., 4.–5., 8., 24., 31., 37., 45., 48.–52., 54.–55. og 57.–58. gr. sem tóku gildi 31. des. 2015 og a–d-liður 1. gr., 6.–7., 13. og 15. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2017; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 59. gr.) og 1. 57/2017 (tóku gildi 1. júlí 2017).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr. Markmið og hlutverk.**

□ [Framkvæmdasjóður ferðamannastaða skal stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða sem eru í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila um land allt.]<sup>1)</sup> Þá skal með fjármagni úr sjóðnum leitast við að tryggja öryggi ferðamanna og vernda náttúru landsins. Einnig er sjóðnum ætlað að fjölga viðkomustöðum ferðafólks til að draga úr álagi á fjölsóttu ferðamannastaði.

□ Fjármagni úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða skal varið til:

1. [Uppbyggingar, viðhalds og verndunar mannvirkja og náttúru á ferðamannastöðum sem eru í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila.]<sup>1)</sup>

2. Framkvæmda sem varða öryggi ferðamanna og verndun náttúru á ferðamannastöðum í eigu [eða umsjón sveitarfélaga]<sup>1)</sup> jafnt sem einkaaðila.

□ Framkvæmdasjóði ferðamannastaða er heimilt að fjármagna undirbúnings- og hönnunarvinnu sem er nauðsynleg vegna framkvæmda skv. 2. mgr. en sjóðnum er ekki heimilt að bera rekstrarkostnað mannvirkja, náttúruverndarsvæða eða annarra ferðamannastaða.

□ [Framkvæmdir sem eru á landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum koma ekki til álita við úthlutun úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða nema sérstaklega standi á, verkefnið sé í þágu almannahagsmuna og þarfnist skjótrar úrlausnar.

□ Ferðamannastaðir sem úthlutað er til úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða skulu vera opnir gjaldfrjálsri umferð almennings eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum og reglugerðum. Landeiganda eða umsjónaraðila lands er þó heimilt að taka gjald fyrir veitta þjónustu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 57/2017, 1. gr.

**■ 2. gr. Stjórn.**

□ [Ráðherra skipar fjóra fulltrúa í stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða til tveggja ára í senn. Skal einn skipaður eftir tilnefningu Samtaka ferðaþjónustunnar, einn eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn eftir tilnefningu ráðherra sem fer með málefni náttúruverndar og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður.]<sup>1)</sup>

□ Stjórn sjóðsins skal árlega gera tillögur til ráðherra um úthlutanir úr sjóðnum. Tillögur stjórnar skulu rúmast innan

hlutverks sjóðsins eins og það er skilgreint í 1. gr. Við vinnslu tillagna skal stjórn sjóðsins jöfnum höndum auglýsa eftir umsóknum um framlög og hafa frumkvæði að öflun upplýsinga frá yfirvöldum umhverfismála og öðrum hagsmunaaðilum um þörf á framkvæmdum sem falla undir gildissvið laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 57/2017, 2. gr., sbr. og brbák. í s.l.

**■ 3. gr. [Tekjur og gjöld.]<sup>1)</sup>**

□ Árlegar tekjur Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða eru:

1. [Framlag ríkissjóðs sem ákveðið er í fjárlögum.]<sup>1)</sup>
2. Vextir af fé sjóðsins.
3. Aðrar tekjur.

□ [Rekstrarkostnaður Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða skal greiddur af fjárheimildum sjóðsins.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 57/2017, 3. gr.

**■ 4. gr. Framkvæmd.**

□ Ráðherra tekur ákvörðun um einstakar úthlutanir úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða á grundvelli tillagna stjórnar.

□ [Að lágmarki skal úthluta úr sjóðnum einu sinni á ári.]<sup>1)</sup> Upplýsingar um úthlutanir úr sjóðnum skal birta opinberlega.

<sup>1)</sup> L. 57/2017, 4. gr.

**■ 5. gr. Varsla, reikningshald og endurskoðun.**

□ Framkvæmdasjóður ferðamannastaða skal vera í vörslu Ferðamálastofu sem annast rekstur sjóðsins, þ.m.t. framkvæmd úthlutana úr sjóðnum, uppgjör, bókhald og gerð ársreikninga.

□ Við úthlutanir úr sjóðnum skulu framlög greidd til verkefna eftir framgangi þeirra.

□ Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga hans.

**■ 6. gr. Reglugerð.**

□ Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um úthlutanir úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða í reglugerð.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 520/2014, Rg. 782/2017, sbr. 858/2018.

**■ 7. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.****■ I.**

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> skal standa fyrir mati á framkvæmd laganna sem ljúka ber fyrir árslok 2013. Hafa skal samráð við [þann ráðherra er fer með málefni náttúruverndar]<sup>1)</sup> og helstu hagsmunasamtök í ferðaþjónustu og umhverfismálum við þá vinnu.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 547. gr.

**■ II.**

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 3. gr. skal framlag ríkissjóðs nema 145,8 millj. kr. á árinu 2015.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 125/2014, 19. gr.

**■ III.**

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 3. gr. skal framlag ríkissjóðs nema 149 millj. kr. á árinu 2016.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 125/2015, 54. gr.